



Skilmálar þátttöku:

Viðurkenning Vakans byggir á því að fyrirtæki hafi uppfyllt viðeigandi gæðaviðmið. Gæðaviðmið Vakans eru endurskoðuð reglulega. Gildandi gæðaviðmið á hverjum tíma eru birt á vefsíðu Vakans.

Með umsókn um þátttöku í gæða- og umhverfiskerfi Vakans samþykkir umsækjandi f.h. fyrirtækisins að starfa samkvæmt viðeigandi gæðaviðmiðum og staðfestir eftirfarandi:

1. Starfsemi fyrirtækisins er í samræmi við siðareglur Vakans.
2. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa kynnt sér viðeigandi gæðaviðmið Vakans og eru tilbúnir að starfa í samræmi við þau.
3. Fyrirtækið er með öll tilskilin leyfi og starfsemi þessi er í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir.
4. Fyrirtækið fer að gildandi kjarasamningum og lögum um vinnurétt.
5. Nái umsókn ekki til allrar starfsemi fyrirtækisins í upphafi, skuldbinda forsvarsmenn sig til að öll starfsemi þess verði gæðaflokkuð, samkvæmt viðeigandi gæðaviðmiðum, innan tveggja ára frá fyrstu viðurkenningu.

Umsækjandi samþykkir að leggja fram nauðsynleg gögn og upplýsingar, eftir því sem við á, til að staðfesta að starfsemin sé í samræmi við viðeigandi gæða- og umhverfisviðmið Vakans, þar með talið:

1. Öryggisáætlanir.
2. Yfirlit yfir menntun, námskeið og þjálfun starfsmanna.
3. Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað (áhættumat) skv. leiðbeiningum frá Vinnueftirlitinu.
4. Viðeigandi opinber leyfi, t.d. leyfi frá Ferðamálastofu, sýslumönnum, heilbrigðiseftirliti/MAST og Samgöngustofu.
5. Gild skyndihjálpar/fyrstuhjálpar skírteini.
6. Afrit af skriflegum ráðningarsamningi / verktakasamningi.
7. Dæmi um skriflegar starfslýsingar.
8. Vinnustaðaskírteini (skylda skv. lögum og samkomulagi aðila vinnumarkaðarins).
9. Öryggisleiðbeiningar til gesta.
10. Afrit af sölureikningi til viðskiptavina.
11. Staðfestingu á viðeigandi tryggingum fyrirtækisins.
12. Skriflegar lýsingar á viðhaldi búnaðar og eftirliti með honum.
13. Ársreikningar eða staðfest yfirlit um veltu til ákvörðunar árgjalds.

Vegna þátttöku í umhverfiskerfi Vakans:

14. (Grænt bókhald) Vöktunarblöð vegna umhverfisflokunar (fyrir silfur og gullmerki).
15. Staðfestingar á framlögum fyrirtækisins til náttúruverndar- og samfélagsmála (fyrir silfur og gullmerki).
16. Aðgerðaráætlun í umhverfismálum (uppfærð reglulega).
17. Önnur gögn sem tengjast sértækum gæðaviðmiðum sem eiga við hjá fyrirtækinu.

Vakin er athygli á að ofangreindur listi er ekki tæmandi.



Umsækjandi heimilar fulltrúa Vakans að kalla eftir staðfestingu frá viðeigandi stéttarfélagi um að ekki séu gerðar athugasemdir við starfsemi fyrirtækisins.

Farið er með öll gögn sem trúnaðarmál.

Verði fulltrúi Ferðamálastofu þess áskynja að fyrirtækið virði ekki lög, reglur eða kjarasamninga, ber honum að gera hlutaðeigandi eftirlitsaðila viðvart. Tilkynning um meint brot telst ekki brot á trúnaði Ferðamálastofu gagnvart fyrirtækinu.

Framkvæmd viðurkenningar

Til að hljóta gæðaviðurkenningu Vakans verður fyrirtækið að standast gæðaúttekt. Úttektin felst annarsvegar í yfirferð á gögnum og hinsvegar á skoðun á húsnæði, aðbúnaði, búnaði, þjónustu, starfsmannahaldi og heildarstarfsemi fyrirtækisins svo og öðrum þáttum samkvæmt viðeigandi gæðaviðmiðum.

Að úttekt lokinni vinnur fulltrúi Vakans úttektarskýrslu og sendir til fyrirtækisins.

Þegar fyrirtæki hefur uppfyllt viðeigandi gæðaviðmið hlýtur það viðurkenningu Vakans og samningur er undirritaður. Þátttakandi fær afhent viðurkenningarskjal Vakans, skilti og rafræn merki. Merkin ber að nýta í auglýsingum og kynningarefni fyrirtækisins. Þátttakanda ber ennfremur að setja skilti Vakans upp á áberandi stað, sýnilegt gestum.

Standist fyrirtæki ekki viðeigandi gæðaviðmið er gefinn allt að þriggja mánaða frestur til úrbóta.

Uni forsvarsmenn fyrirtækis ekki niðurstöðu úttektar má senda skriflegar athugasemdir til úrskurðanefndar sem starfar í umboði Ferðamálastofu (sjá á vakinn.is). Formlegum athugasemdum skal koma á framfæri innan 30 daga frá því að fyrirtækinu berst tilkynning um endanlega niðurstöðu úttektar. Úrskurðarnefndin skal kynna sér sjónarmið beggja aðila og veita rétt til andmæla. Niðurstaða nefndarinnar skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá því að athugasemdir eru gerðar.

Gildistími umsóknar er 12 mánuðir frá því að umsókn er móttækin. Sé úttektarferli ekki lokið innan þess tíma getur fyrirtækið viðhaldið umsóknarferli með því að greiða umsóknargjald að nýju. Umsóknargjald er óafturkræft.

Til að viðhalda viðurkenningu Vakans þarf að standast árlegar úttektir og greiða árgjald samkvæmt gjaldskrá á hverjum tíma.

Standist fyrirtækið ekki kröfur Vakans við árlega úttekt er heimilt að rifta samningi. Komi til þess er fyrirtækinu óheimilt að nota merki Vakans.